

Tillögur ÍTH um aukna opnun sundstaða Hafnarfjarðar og aukið aðgengi barna

1. 1601218 - Opnunartími sundlauga

Aðalsteinn Hrafnkellsson forstöðumaður sundstaða fór yfir nokkrar útfærslur varðandi aukna opnun sundstaða. Einnig kynnti hann áætlað kostnað Hafnarfjarðarbæjar ef mismunandi aldurshópum barna yrði hleypt frítt á sundstaði bæjarins.

Íþrótt- og tómstundanefnd tekur vel í tillögur að endurskoða opnunartíma sundlauga og aðgengi fyrir börn eins og lagt er til í heilsustefnu Hafnarfjarðarbæjar.

Lagt er til að fræðsluráð skoði að:

Opna sundlaugar á rauðum dögum eins og tillaga Aðalsteins sýnir árið 2017. Byrja að lengja opnunartíma Suðurbæjarlaugar yfir sumartímann Yngri en 10 ára fá frítt í sund í Hafnarfirði Að auka opnun frá og með 1. september í sundlaugum Hafnarfjarðar eins og tillaga 1 fjallar um í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug.

1. Rauðir dagar, aukin opnun 2017:

- Föstudagurinn langi, 14. apríl – opið kl. 8-17 í Suðurbæjarlaug
 - Páskasunnudagur, 23. apríl – opið kl. 8-17 í Ásvallalaug
 - Hvítasunnudagur, 4. júní – opið kl. 8-17 í Suðurbæjarlaug
 - Annar í jólum, 26. des – opið kl. 8-17 í Ásvallalaug
 - Aðfangadagur, 24. des, sunnud. – opið kl. 8-13 í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug
 - Gamlársdagur, 31. des, sunnud. – opið kl. 8-13 í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug
- Kostnaðarauki m.v. ofangreinda opnun í Ásvallalaug (350 + 350 + 75 + 75) = 950 þús. kr. og í Suðurbæjarlaug (244 + 244 + 43 + 43) = 634 þús kr eða samtals 1.584 þús. kr.

Ekki yrði opið; 1. maí, 17. júní, jóladag (25.des) og 1. jan 2018

2. Sumaropnun í Suðurbæjarlaug – 12. júní til og með 13. ágúst 2017:



HAFNARFJÖRÐUR

Aukin er opnun í Suðurbæjarlaug í ca. 2 mánuði yfir sumarið (frá mánud. 12. júní til og með sunnud. 13. ágúst). Um er að ræða aukna opnun um 1 klst. (opið 6.30-22.00) 5 kvöld í viku (mán-fös), og opið til kl. 20.00 á sunnudögum. Gert er ráð fyrir að aukin opnun sé alfarið unnin í yfirvinnu og að heildarkostnaður við yfirvinnuklukkustund sé kr. 4.100,-

Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir starfsmenn sem vinna aukna opnun á sunnudögum geri það í framhaldi af sinni sunnudagsvakt, en þessi aukna opnun mun hafa þau áhrif að hvíldartímaákvæði verða brotin á mánudagsmorgni með tilheyrandi kostnaði.

Aukinn kostnaður á virkum dögum (43 x 1 x 5 x 4100) = 882 þús. og á sunnudögum (9 x 3 x 5 x 4100) = 554 þús auk kostnaðar vegna hvíldartímabrots (9 x 4 x 4 x 4100) = 590 þús. eða samtals kostnaður 2.026 þús. kr.

Samtals um þrjár til fjóra milljónir í kostnað á ársgrunni en tekjur munu aukast á móti sumum liðum eins og opnunum á Rauðum dögum en erfitt er að ætla þær en skot gæti verið á 1,5 – 2 milljónir.

Með bestu kveðju,-

Geir Bjarnason, íþróttá- og tómsfundafulltrúi Hafnarfjarðar